

Smári Geirsson:

SAMEINING SVEITARFÉLAGA Reynslusaga að austan

Ágætu fundarmenn.

Ég hef verið beðinn um að greina frá reynslu af sameiningu sveitarfélaga á Austurlandi og mun ég hér fyrst og fremst fjalla um sameiningu Eskifjarðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðar í sveitarfélagið Fjarðabyggð árið 1998. Það sem ég segi hér byggir að stórum hluta til á mínu persónulega mati en ég tók þátt í undirbúningi sameiningarinnar og hef átt hlutdeild í framkvæmd hennar.

Það var um miðjan janúar árið 1996 að umræður hófust í sveitarstjórnnum viðkomandi sveitarfélaga um stóraukna samvinnu þeirra og hugsanlega sameiningu. Gerð svæðisbundinnar byggðaáætlunar fyrir þessi sveitarfélög hafði mikil áhrif á þessa umræðu en Bygðastofnun hafði hafið vinnu við áætlunina árið 1995 og lauk henni árið 1997.

Skipuð var sérstök samráðs- og sameiningarnefnd sveitarfélaganna til að fjalla um málið og í upphafi snerist umræðan um að auka samvinnu sveitarfélaganna með það í huga að samvinnan gæti leitt til sameiningar í fyllingu tímans. Í anda þessara hugmynda var byrjað á að kanna grundvöll fyrir stofnun hafnasamlags sveitarfélaganna en umræður um þetta efni leiddu til þess að sífellt fleiri nefndarmenn vildu strax kanna möguleika á sameiningu sveitarfélaganna enda sáu menn í hendi sér ýmsa stjórnsýslulega agnúa á því að efna til fjölpætts samstarfs í formi byggðasamlaga.

Í tengslum við samstarfs- og sameiningarviðræðurnar var ráðgjafafyrirtækið Rekstur og Ráðgjöf ehf. fengið til að gera yfirlit um stöðu málaflokka í sveitarfélögunum þremur og hvernig væri skynsamlegt að tengja sveitarfélögin nánar saman. Starfsmenn Reksturs og Ráðgjafar fóru yfir stöðu mála í sveitarfélögunum og skiluðu af sér greinargerð haustið 1997. Niðurstaða fyrirtækisins var skýr og afdráttarlaus; það mælti mjög eindregið með sameiningu sveitarfélaganna og færði fyrir þeirri niðurstöðu skýr rök. Ef ekki yrði af sameiningu hvatti fyrirtækið til samstarfs sveitarfélaganna á ýmsum sviðum.

Samstarfs- og sameiningarnefnd sveitarfélaganna fór yfir tillögur Reksturs og Ráðgjafar varðandi einstaka málaflokka, samþykkti flestar en hafnaði nokkrum. Nefndin ákvað síðan að leggja til við sveitarstjórnirnar að þær samþykktu að efnt yrði til almennrar atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaganna á grundvelli svonefndra áherslupunkta en punktarnir voru einskonar sameiningarsamningur sveitarstjórnanna þar sem dregin var upp mynd af sameinuðu sveitarfélagi og starfsemi þess.

Þann 11. september 1997 héldu allar sveitarstjórnirnar þrjár fund á sama tíma og samþykktu að efna til sameiningarkosninga á grundvelli áherslupunktanna. Fólu samþykktirnar í sér að sameiningarkosningarnar færu fram þann 15. nóvember 1997 og að kosið yrði sérstakt undirbúningsráð til að annast kynningu á sameiningarhugmyndunum. Mjög góð samstaða náðist í sveitarstjórnunum um þessa niðurstöðu og var einungis einn sveitarstjórnarmaður í öllum sveitarstjórnunum þremur sem tók afstöðu gegn því að efnt yrði til sameiningarkosninga á grundvelli áðurnefndrar niðurstöðu.

Stöldrúmið og skoðum örlítið það landsvæði sem hér um ræðir. Sveitarfélögin eru á Mið-Austurlandi og eru við hvern sinn fjórðinn. Tiltölulega greiður vegur er á milli

Eskifjarðar og Reyðarfjarðar en hár fjallvegur liggur á milli Neskaupstaðar og Eskifjarðar. Um 22 km. eru frá Neskaupstað til Eskifjarðar og um 14 km. frá Eskifirði til Reyðarfjarðar þannig að um 35 km. eru á milli þeirra byggðakjarna sem fjarst liggja frá hvor öðrum. Þegar sameiningarviðræðurnar hófust voru tæplega 700 íbúar á Reyðarfirði, liðlega 1000 á Eskifirði og um 1600 í Neskaupstað. Með sameiningu gat því orðið til langfjölmennasta sveitarfélag Austurlands með um 3300 íbúa. Hér var um að ræða þrjú tiltölulega fjölmenn landsbyggðarsveitarfélög sem öll stóðu tiltölulega vel í efnahagslegu tilliti. Sameiningarhugmyndirnar komu því ekki fram sem örvæntingarfull varnaraðgerð heldur miklu fremur sem skynsamleg varnaraðgerð og aðgerð sem gaf möguleika á sóknartækifærum.

Hvað varðar undirbúning sameiningar sveitarfélaga vil ég leggja áherslu á fernt:

1. Nauðsynlegt er að sveitarstjórnarmenn gefi sér góðan tíma til viðræðna og móti skýra sameiningarstefnu. Lýsing á hinu væntanlega sameinaða sveitarfélagi verður að liggja fyrir áður en til sameiningarkosninga er efnt.
2. Mikilvægt er að fá utanaðkomandi fyrirtæki til að leggja mat á stöðu sveitarfélaganna. Slíkt mat þarf að vera framkvæmt af óháðum aðila svo ekki sé unnt að tortryggja það með nokkrum hætti.
3. Nauðsynlegt er að endurskoðendur þeirra sveitarfélaga sem stendur til að sameina fari yfir fjármál þeirra og tryggi að dulin fjárhagsleg vandamál eða duldar skuldbindingar séu hvergi til staðar.
4. Afar brýnt er að sveitarstjórnarmennirnir taki skýra og jákvæða afstöðu til sameiningarhugmyndanna. Ef þeir eru ekki tilbúnir til að berjast fyrir sameiningunni er betur heima setið en af stað farið.

Undirbúningsráðið sem skyldi undirbúa sameiningarkosningar sveitarfélaganna þriggja hóf sín störf og meginhlutverk þess var að kynna hvernig hið sameinaða sveitarfélag myndi líta út og hvaða áhrif sameiningin myndi hafa. Leitaði undirbúningsráðið til kynningarfyrirtækis í þeim tilgangi að fá ráðgjöf um hvernig best yrði staðið að kynningarmálunum.

Í kynningarstarfinu lagði undirbúningsráðið áherslu á áður nefnda áherslupunkta en í þeim komu meðal annars fram upplýsingar um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, skipurit sveitarfélagsins, fyrirkomulag skólamála, stjórnsýslu og þjónustustarfsemi. Einnig var lögð áhersla á sparnað, möguleika á áætlunarferðum milli byggðakjarnanna, fjölbreyttari og faglegri þjónustu, val á nafni á hið nýja sveitarfélag og fleiri þætti. Í kynningunni var einnig lögð áhersla á almenn rök fyrir fækkun og stækkun sveitarfélaga í landinu. Í því sambandi var helst bent á eftirfarandi:

- Að sífellt væru meiri kröfur gerðar til sveitarfélaga hvað varðaði þjónustu og stór sveitarfélög ættu auðveldara með að standa undir slíkum kröfum en smærri sveitarfélög.
- Að mikilvægt væri að sveitarfélög hefðu sterka stöðu gagnvart ríkisvaldinu og það væri óvægjanleg staðreynd að ríkið hlustaði betur á talsmenn stærri sveitarfélaga en hinna smærri.
- Að stærri sveitarfélög ættu auðveldara með að hafa áhrif á þróun atvinnumála en hin smærri.
- Að þróunin í landinu stefndi ótvírætt í þá átt að sveitarfélögum myndi fækka mikið og best væri að sameinast sem fyrst og nýta tímann vel – að hika væri það sama og tapa.

- Að forsendan fyrir því að fá fleiri verkefni til sveitarfélaganna frá ríkisvaldinu væri fækkun og stækkun sveitarfélaga.

Undirbúningsráðið vann markvisst að kynningarstarfinu; gefnir voru út kynningarbæklingar þar sem ítarlega var farið yfir alla framangreinda þætti, eftt var til borgarafunda í öllum þremur byggðakjörnunum, áhersla var lögð á að nota austfirsku blöðin til kynningar og einnig dagblöð. Leitað var eftir samstarfi við útvarpsstöðvar, einkum svæðisútvarp, svo og sjónvarpsstöðvar. Þá var boðið upp á viðtalstíma á öllum þéttbýlisstöðunum þar sem íbúar gátu komið og fengið svör við hinum ýmsu spurningum. Mikið var lagt í kynningarstarfið enda um mikilvægan þátt sameiningarferilsins að ræða.

Áberandi var að hugmyndin um sameiningu þessara þriggja sveitarfélaga vakti athygli – hugmyndin þótti djörf og margir töldu hana óraunhæfa. Stóru fjölmiðlarnir gerðu dramatískar fréttir um þessa sameiningarhugmynd og voru þær fréttir síst fallnar til að stuðla að yfirvegaðri málefnalegri umræðu. Mikið bar á því að þessir fjölmiðlar reyndu að finna viðmælendur sem horfðu á sameiningarhugmyndirnar í svart/hvítu – þ.e. sáu annaðhvort allt jákvætt við sameiningu eða þá að heimsendi var spáð ef af sameiningu yrði. Fjölmiðlarnir spurðu spurninga á borð við þessa: Hvernig getur það gerst að kommúnistarnir í Neskaupstað gangi í eina sæng með íhaldinu á Eskifirði? Hvernig getur Alli ríki með sitt fyrirtæki tilheyrt sama sveitarfélagi og hin kommúníska Síldarvinnsla í Neskaupstað? Munu ekki kommarnir í Neskaupstað gleypa Eskifjörð og Reyðarfjörð – er ekki sameiningin liður í hinni alkunnu heimsvaldastefnu þeirra? Staðreyndin var sú að umfjöllun stærstu fjölmiðla landsins var alls ekki til þess fallin að stuðla að sameiningu, þvert á móti. Hún lagði áherslu á tilfinningaþrungna og ómálefnalega umræðu sem ekki var til að létta sameiningarsinum störf.

Þegar dró að atkvæðagreiðslu um sameininguna var andrúmsloftið orðið spennuþrungið og stærstu fjölmiðlar landsins voru farnir að spá um úrslit. Þeir spáðu að sameiningin myndi ekki ná fram að ganga; hún yrði samþykkt í Neskaupstað og á Reyðarfirði en felld á Eskifirði enda tækju helstu áhrifamenn í atvinnulífinu þar harða afstöðu gegn sameiningu.

Kosningin fór fram þann 15. nóvember 1997 og var kosningaþátttaka góð. Sem betur fer var niðurstaðan skýr og ótvíræð: Sameiningin var samþykkt með afgerandi mun í öllum sveitarfélögum og því ljóst að fjölmennasta sveitarfélag Austurlands myndi verða til með formlegum hætti eftir sveitarstjórnarkosningar 1998. Íbúarnir höfðu sýnt framsýni og vísað á bug rökum úrtöllumanna. Það er ljóst að þegar sameining sveitarfélaga kemur til umræðu er brýnt að fólk hugsi á nýjum forsendum og hugsi til framtíðar. Ef fólk er of mótað af fortíðarhugsun og of upptekið af nútímanum er eins víst að sameining nái ekki fram að ganga. Sameining byggir á því að fólk sé tilbúið að skyggast til framtíðarinnar og reyna að sjá fyrir um framtíðarskipan samfélagsins. Fortíðarhugsun og íhaldssemi á þessu sviði býður þeirri hættu heim að menn sitji uppi með allt of mörg sveitarfélög, sveitarfélög sem eru veikar og haldlitlar einingar sem engan vegin ræða við verkefni í nútímasamfélagi hvað þá í samfélagi framtíðarinnar.

Þegar úrslit sameiningarkosninganna lágu fyrir var hafist handa við að undirbúa sameininguna af fullum krafti. Kjörin var sérstök sameiningarnefnd með fulltrúum frá öllum sveitarfélögum þremur og sinni hún undirbúningsstarfinu ásamt framkvæmdastjórum sveitarfélaganna. Strax var byrjað að fjalla um samræmingu við fjárhagsáætlunargerð og samræmingu á álagningarreglum. Við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaganna þriggja fyrir árið 1998 var haft fullt samráð á milli sveitarstjórnanna og þannig komið í veg fyrir alla tortryggni sem gæti skapast á því sviði.

Góðir fundarmenn.

Nú eru liðin tæp fimm ár frá því að þetta nýja sveitarfélag varð til og eðlilegt er að menn spyrji: Hvernig hefur til tekist? Hafa menn náð þeim árangri sem til var ætlast?

Nú skal ég svara þessum spurningum eftir bestu getu.

Víkjum fyrst að stjórnarsýslunni. Ljóst er að vart er hægt að ætlast til að sami árangur náist á sviði hagkvæmni í stjórnarsýslu þegar þetta fjölmennir byggðakjarnar eru sameinaðir og þegar fámenn landbúnaðarsveitarfélög eru sameinuð einum þéttbýlisstað. Í þetta fjölmönnum byggðakjörnum er ákveðin krafa uppi um þægilegt aðgengi að þeirri þjónustu sem veitt er og einnig að æðstu stjórnendum sveitarfélagsins. Af þessari ástæðu var ákveðið fyrir sameiningu að stjórnkerfi sveitarfélagsins yrði þrískipt og bæjarskrifstofur með skýrri verkaskiptingu yrðu reknar í byggðakjörnum þremur. Þá var ákveðið að helstu forsvarsmenn sveitarfélagsins yrðu íbúunum aðgengilegir með reglubundnum hætti í öllum byggðakjörnum. Ákveðinn sparnaður fólst í því að leggja niður þau þrjú stjórnarsýslukerfi sem fyrir voru og byggja upp eitt í staðinn. Sá sparnaður var fyrst og fremst nýttur í því skyni að efla og auka fjölbreytni stjórnarsýslu hins nýja sveitarfélags. Ráðið var í embætti skipulagsfulltrúa og skipulagsdeildin eflað, ráðið var í embætti húsnæðisfulltrúa og eins í embætti garðyrkjustjóra, íþrótt- og æskulýðsfulltrúa og upplýsinga- og kynningarfulltrúa. Öll þessi embætti voru afar þörf og hafa aukið hæfni sveitarfélagsins til að standa sig í samfélagi nútímans.

Stjórnarsýslunni var skipt upp í fimm svið og tók skipan nefndakerfisins mið af því. Fyrir hverju sviði fór sviðsstjóri og var markmiðið að byggja upp einfalt, skýrt og skilvirkt stjórnkerfi.

Ýmis svið sveitarfélagsins eflust mjög við sameininguna og áttu þess kost að vinna faglegar en áður. Má í því sambandi nefna félagsmálasviðið en þar varð unnt að koma á ákveðinni verkaskiptingu starfsmanna og unnt varð að leysa mál sem áður höfðu verið afar erfið úrlausnar vegna nálægðar starfsmanna við þá einstaklinga sem hlut áttu að málum.

Það er mitt mat að ágætlega hafi gengið að byggja upp stjórnarsýsluna í hinu nýja sveitarfélagi en þar skiptir samræmt tölvukerfi og gott símkerfi miklu máli auk þess sem forsvarsmenn sviðanna hafa staðið sig vel í starfi. Einna helst hefur umhverfismálasvið sveitarfélagsins verið gagnrýnt en á þess könnu eru verklegar framkvæmdir og rekstur áhaldahúsa. Vandinn er sá að þetta sama svið sætti einnig verulegri gagnrýni í sveitarfélögunum fyrir sameiningu. Um þessar mundir er unnið að stjórnarsýsluúttekt og er ætlunin að nýta niðurstöður hennar til umbóta á stjórnkerfi sveitarfélagsins og þá ekki síst umhverfismálasviðinu.

Upp hafa komið raddir um að sameina stjórnarsýsluna undir eitt þak. Ég tel að í þeim efnum þurfi að stíga varlega niður. Í fyrsta lagi var tilkynnt fyrir sameiningu að bæjarskrifstofur yrðu á öllum stöðunum þremur, í öðru lagi yrði stjórnarsýsluhús kostnaðarsöm fjárfesting og í þriðja lagi verður að hafa í huga að fjallvegur er innan sveitarfélagsins. Dreifing stjórnarsýslunnar gerir hana aðgengilegri fyrir íbúana og hafa ber í huga að ein helsta gagnrýnin á sameiningu sveitarfélaga hefur falist í því að stjórnarsýslan færast fjær íbúunum.

Hefur hið nýja sveitarfélag meiri áhrif en þau sem fyrir voru á svæðinu? Hvað þessa spurningu varðar verð ég að byggja á eigin mati. Í mínum huga fer ekkert á milli mála að áhrif hins nýja sveitarfélags á gang margra mála eru mun meiri en þeirra sveitarfélaga sem fyrir voru. Fjarðabyggð er stærsta sveitarfélagið á Austurlandi og næststærsta sveitarfélagið í hinu nýja Norðausturkjördæmi og bæði ríkisvaldið og aðrir aðilar veita því athygli. Það er áberandi að í fjölmörgum málum er sérstaklega leitað eftir álitum sveitarfélagsins og samstarfi við það og er þetta mikil breyting frá því sem var í sveitarfélögunum þremur fyrir sameiningu.

Fram kemur að ýmis fyrirtæki hafa meiri áhuga á að efna til samskipta við stærri sveitarfélög en smærri og í því sambandi er t.d. hægt að nefna banka- og peningastofnanir. Það er staðreynd að slíkar stofnanir sækjast eftir viðskiptum við stór sveitarfélög og fljótlega fór að bera á því að Fjarðabyggð voru boðin hagstæðari lánakjör en sveitarfélögin sem fyrir voru höfðu átt kost á. Sama gildir um tryggingar, en tryggingapakki Fjarðabyggðar er miklu ódýrari en ætla mætti miðað við það sem sveitarfélögunum sem fyrir voru bauðst.

Hvað með samkennd íbúanna? Hefur náðst árangur á því sviði? Fyrir sameiningu var lögð áhersla á mikilvægi þess að byggð yrði upp samkennd íbúa hins nýja sveitarfélags. Auðvitað er samkennd mikilvæg en hafa verður í huga að með sameiningu sveitarfélaga er fyrst og fremst verið að búa til nýja og sterkari stjórnsýslueiningu. Það hlýtur alltaf í reynd að vera ákvörðun íbúanna hvernig þeir vilja bregðast við sameiningunni í félagslegu tilliti. Vilja þeir t.d. breyta sveitarfélaginu í nýja menningarlega heild eða vilja þeir viðhalda félagslegum hefðum sem ríktu í gömlu sveitarfélögunum? Eða vilja þeir fara bil beggja í þessum efnum þ.e. vinna sem heild á sumum sviðum en viðhalda gömlum hefðum á öðrum?

Í Fjarðabyggð halda menn að sjálfsögðu áfram að vera Eskfirðingar, Norðfirðingar og Reyðfirðingar ásamt því að vera íbúar Fjarðabyggðar. Á sumum sviðum hefur fólk ákveðið að vinna saman á grunni hins nýja sveitarfélags en á öðrum sviðum ekki. Að mínu mati er ekkert við þessu að segja þó vissulega sé það jákvætt að íbúarnir auki tengsl sín á milli byggðakjarna. Í Fjarðabyggð starfa menn á grunni hins nýja sveitarfélags á sviði íþróttamála, tónlistarmála og fleiri málaflokka en á öðrum sviðum hafa þeir kosið að viðhalda gömlum hefðum. Þorablót eru t.d. haldin í hverjum byggðakjarna o.s.frv. og svo sannarlega er ekkert athugavert við það.

Í nefndum sveitarfélagsins og innan stjórnkerfisins vinna menn faglega og fjalla almennt heildstætt um málefni sveitarfélagsins. Stundum ber á því að bæjarfulltrúar fjalli fyrst og fremst um málefni þess byggðakjarna sem þeir koma frá en ég álít það ekki vera meiriháttar vandamál.

Það er ekkert launungamál að árin 1999, 2000 og 2001 reyndust Fjarðabyggð erfið. Þetta voru erfið ár fyrir sjávarútvegsfyrirtækin, þau fækkuðu störfum og íbúum fækkaði í sveitarfélaginu. Þeir sem höfðu verið á móti sameiningu gripu því miður tækifærið og hömuðust gegn sameiningunni við þessar aðstæður og kenndu henni um allt sem aflaga fór. Þessi umræða hafði sitt að segja og niðurstaða könnunar Háskólans á Akureyri á þessum tíma sýndi m.a. að ef atkvæðagreiðsla um sameiningu hefði þá farið fram hefði sameiningin verið felld. Óánægjuraddirnar töldu að sameiningin hefði mislukkast og þróunin í sveitarfélaginu væri sönnun þess. Í stöðu sem þessari verða menn að gera sér grein fyrir að umræðan vill fara út fyrir öll skynsamleg mörk. Staðreyndin er sú að þau vandamál sem þarna birtust hefðu ekki síður litið dagsins ljós á svæðinu þó sveitarfélögin hefðu ekki verið sameinuð. Það var líka staðreynd að hið nýja sveitarfélag hafði meiri möguleika á að snúa þróuninni við en sveitarfélögin þrjú sem fyrir voru hefðu haft. Sameining sveitarfélaga kemur ekki í veg fyrir sveiflur í fiskveiðum og verðsveiflur á mörkuðum. Sameining sveitarfélaga tryggir ekki hagsæld, góða nyt í kúm eða ástsæl hjónabönd. En það er hins vegar staðreynd að fyrst eftir sameiningu er ákveðin tilhneiging til að kenna sameiningu sveitarfélaga um allt sem aflaga fer. Það er því miður þannig að andstæðingar sameiningar hætta ekki baráttu sinni gegn sameiningu þó svo að hún sé um garð gengin og þá verður sameiningin blóraböggullinn varðandi allt það sem aflaga fer í samfélaginu eða í þeirra eigin lífi. Við þessi skilyrði reynir virkilega á sveitarstjórnarmennina.

Þegar upp koma umræður af þessu tagi í sveitarfélaginu fara tilfinningamál gjarnan að skipta máli en sameining sveitarfélaga er tilfinningamál hjá mörgum og ekki er rétt að gera lítið úr tilfinningum. Menn láta í reynd tilfinningaatriði trufla sig og gleyma

mikilvægi þess að rökhugsun og hlutlægt mat ráði ferð. Í þessu sambandi er til dæmis nafngift á sameinuðu sveitarfélagi einkar viðkvæmt mál og umræður um nafngiftina vilja gjarnan skyggja á umræður um mikilvægi þess að byggja upp öfluga stjórnsýslueiningu sem getur skipt sköpum varðandi samfélagsþróun á viðkomandi svæði.

Hvað með áhrif sveitarfélagsins á atvinnuþróun? Hefur stærra sveitarfélag þar meiri möguleika? Getur stærra sveitarfélag stuðlað að framkvæmd verkefna sem minni sveitarfélög myndu ekki ráða við? Þarna er komið að lykilþætti í sameiningarumræðunni og ég tel að reynsla okkar í Fjarðabyggð sé skýr og ótvíræð á þessu sviði. Í Fjarðabyggð hefur það sannast að stærra sveitarfélög hafa betri sóknarfæri á sviði atvinnulífs en minni.

Þegar sameiningarviðræður sveitarfélaganna þriggja stóðu yfir kom fram áhugi Norsk Hydro á því að reisa álver á Íslandi og þá kom Reyðarfjörður inn í umræðuna sem staður fyrir slíkt fyrirtæki. Það kom strax fram að forsvarsmenn Hydro höfðu miklar efasemdir um að unnt væri að ráðast í þetta verkefni í Reyðarfjarðarhreppi, sveitarfélagi með á milli 600 og 700 íbúa. Þess vegna urðu þeir afar ánægðir þegar þeir fréttu af sameiningarviðræðunum og töldu sameiningu sveitarfélaganna þriggja eina mikilvægustu forsenduna fyrir því að unnið yrði að álversverkefninu á Reyðarfirði. Norðmennirnir glöddust því mjög yfir úrslitum sameiningarkosninganna árið 1997 og töldu að Fjarðabyggð gæti uppfyllt þau meginskilyrði sem álverssveitarfélag á Íslandi þyrfti að uppfylla. Þeir gerðu skýrar kröfur á sviði skipulagsmála, félagsmála, skólamála og hvað varðaði það atvinnulífsumhverfi sem þyrfti að vera í viðkomandi sveitarfélagi. Og nú var Fjarðabyggð orðin til, sveitarfélag sem hafði allt önnur einkenni en Reyðarfjarðarhreppur hafði haft með fullri virðingu fyrir því ágæta sveitarfélagi. Í Fjarðabyggð yrði til öflugri stjórnsýsla, þar yrði deildaskipt sjúkrahús, þar yrði framhaldsskóli og þar yrðu öflug tæknivædd fyrirtæki með hundruð starfsmanna, fyrirtæki á borð við Hraðfrystihús Eskifjarðar og Síldarvinnsluna í Neskaupstað. Í sannleika sagt var tilurð Fjarðabyggðar forsenda fyrir því að unnið yrði að álversverkefninu af fullri alvöru.

Eins og menn vita datt Norsk Hydro úr skaftinu í álversverkefninu eystra en það hefur rækilega sannast að arftakinn, bandaríska fyrirtækið ALCOA, gerir mjög svipaðar kröfur og Norðmennirnir gerðu til þess samfélags sem þeir hefja fyrirtækisrekstur í. Þeir hafa til dæmis lýst furðu sinni á því fyrirkomulagi sem ríkir á Grundartanga þar sem annað bandarískt fyrirtæki, Columbia Ventures, reisti Norðurál. Þar eru aðstæður þannig að álverið sjálft stendur í tveimur sveitarfélögum og hrósa Alcoamenn happi yfir því að sveitarfélagið sem þeir munu reisa álver í eystra sé jafn öflugt og raun ber vitni og grunngerð þess jafn sterk og við blasir. Þeir eru í reyndinni undrandi yfir því þjónustustigi sem ríkir í ekki stærra sveitarfélagi.

Aftur reyndi á styrk Fjarðabyggðar þegar háð var barátta fyrir annarri stóriðju í sveitarfélaginu; stórtæku sjókvíaeldi á laxi. Þar sannaði hið nýja sveitarfélag styrk sinn að mínu mati og augljóst var að slagkraftur þess í ríkiskerfinu var miklu meiri en slagkraftur hinna þriggja fyrrverandi sveitarfélaga hefði verið. Þarna tala ég enn og aftur af persónulegri reynslu.

Ég vil einnig benda á að stærra sveitarfélag á auðveldara með að ráðast í áhættusöm verkefni sem geta haft afgerandi áhrif á starfsaðstöðu fyrirtækja og almenn lífsskilyrði í sveitarfélaginu. Þannig er því t.d. háttað með hitavatnsleit í Fjarðabyggð en leitinn var álitinn áhættusöm en hefur þegar skilað athyglisverðum árangri. Ég fullyrði að gömlu sveitarfélögin þrjú hefðu öll hikað við að fara útí þetta verkefni en Fjarðabyggð gat hins vegar gert það í krafti stærðar sinnar og efnahagslegs styrks.

Ég tel að tilkoma Fjarðabyggðar hafi í reynd skilað glæsilegum árangri hvað varðar atvinnulífsuppbyggingu og er þar laxeldið og samningurinn við ALCOA órækur vitnisburður. Auðvitað hefur tekið langan tíma að vinna að þessum verkefnum með stjórnvöldum í landinu og hefur sú vinna notið mikilvægs stuðnings margra og þá ekki síst austfirskra sveitarstjórnarmanna. Einkum hefur vinnan að álversverkefninu verið tímafrek og þá hafa áföllin í álversmálunum verið íbúum Fjarðabyggðar og reyndar miklum meirihluta Austfirðinga afar erfið. En nú er bjart framundan og þessi verkefni ættu að þjappa íbúum sveitarfélagsins rækilega saman. Þessi stóru verkefni færa mönnum einnig heim sannin um það að nauðsynlegt er að horfa ávallt á sveitarfélagið sem eina heild hvað varðar atvinnu- og þjónustusvæði og stuðla að því að sú heild verði sem traustust.

Góðir fundarmenn.

Hvernig sé ég þróunina á Austurlandi hvað varðar sameiningu sveitarfélaga? Fyrir tuttugu árum voru sveitarfélögin í landshlutanum 32 en nú eru þau 16 talsins. Íbúarnir eru um 12.000 og deilast afskaplega ójafnt niður á sveitarfélögin. Fjölmennasta sveitarfélagið er Fjarðabyggð með rúmlega 3000 íbúa en hið fámennasta er Mjóafjarðarhreppur með rúmlega 30. Það er afar brýnt fyrir þennan landshluta að fækka sveitarfélögunum og byggja upp stærri atvinnu- og þjónustusvæði en nú eru. Ég tel raunhæft að horfa á Austurland sem 3-4 sveitarfélög í framtíðinni og framkvæmdir á sviði samgöngumála eigi að taka mið af slíkri sveitarfélagaskipan.

Sjálfsgagt er að gefa sveitarfélögunum einhvern tíma til að hyggja að sameiningu en ef frjáls sameining skilar ekki umtalsverðum árangri verður að leita annarra leiða og þá kemur til kasta ríkisvaldsins sem með lagasetningu eða öðrum aðgerðum getur knúið á um sameiningu sveitarfélaga. Menn verða að átta sig á að sums staðar á landinu byggja mörk sveitarfélaga á algerlega úreltum forsendum og taka mið af samfélagi sem bjó við allt aðrar aðstæður á sviði samgöngu- og samskiptamála en nú ríkja. Sveitarstjórnarmenn eiga að hafa frumkvæði að því að breyta sveitarfélagaskipaninni þannig að hún verði í betri takti við nútímasamfélagið. Þannig eru menn að stuðla að eflingu sveitarstjórnarstigsins og gera hið svæðisbundna stjórnvald hæfara til að fást við verkefni þess tíma sem við lifum á og verkefni framtíðarinnar. Sveitarstjórnarmenn þurfa að hugsa til framtíðarinnar og kappkosta að hafa áhrif á samfélagsþróunina og láta ekki þröngsýni, fordóma eða fortíðarhyggju móta viðhorf sín.